

REGLUGERÐ

um skilgreiningu hugtaksins „ósanngjörn byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar“.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Reglugerð þessi gildir um mat á því hvort dvöl EES- eða EFTA-borgara eða aðstandenda þeirra megi teljast ósanngjörn byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar, sbr. 83. gr. og c-liður 1. mgr. 84. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016.

Markmið reglugerðarinnar er að skilgreina hugtakið *ósanngjörn byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar* sem haft getur áhrif á rétt til dvalar samkvæmt 83. gr. laga nr. 80/2016.

Reglugerðin hefur ekki áhrif á rétt einstaklinga til að sækja um félagslega aðstoð eða fá úrlausn um rétt til félagslegrar aðstoðar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

2. gr.

Kerfi félagslegrar aðstoðar.

Með kerfi félagslegrar aðstoðar er í reglugerð þessari átt við opinbert velferðarkerfi sveitarfélaga sem miðar að því að tryggja lágmarksframfærslu umsækjanda sem ekki hefur önnur úrræði til framfærslu eða er í tímabundinni þörf fyrir aðstoð. Þetta felur í sér úrræði sem sveitarfélög veita samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, svo sem:

1. Fjárhagsaðstoð til framfærslu.
2. Aðrar greiðslur skv. reglum sveitarfélags um fjárhagsaðstoð.

Ekki teljast til kerfis félagslegrar aðstoðar greiðslur sem eru réttindabundnar eða almennar félagslegar tryggingar, svo sem barna- og umönnunargreiðslur, húsnæðisbætur eða sambærilegar greiðslur sem ekki eru háðar mati á þörf eða því skilyrði að viðkomandi hafi engin önnur úrræði til framfærslu.

3. gr.

Mat á því hvort einstaklingur telst ósanngjörn byrði.

Við mat á því hvort dvöl EES- eða EFTA-borgara telst ósanngjörn byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar skal sveitarfélag framkvæma faglegt, heildstætt og einstaklingsbundið mat á aðstæðum, þar sem sérstaklega skal tekið tillit til eftirfarandi þátta:

1. **Tímalengdar dvalar og framlags til samfélagsins:** Hversu lengi viðkomandi hefur dvalið á Íslandi og hversu mikið hann hefur lagt af mörkum til samfélagsins, til dæmis með greiðslu skatta og tryggingagjalda.
2. **Persónulegra aðstæðna:** Meðal annars aldurs, fötlunar, vinnufærni, heilsufars, atvinnumöguleika, félagslegrar stöðu og tengsla við Ísland.
3. **Eðlis og umfangs aðstoðar:** Hversu mikill og hversu lengi stuðningur úr kerfi félagslegrar aðstoðar hefur verið þeginn og hvort um sé að ræða tímabundna þörf, svo sem vegna skyndilegra erfiðleika, eða langtíma þörf fyrir framfærslu.
4. **Líkum á breytingum og möguleikum til sjálfsbjargar:** Hvort líklegt sé talið að viðkomandi hafi eða geti aflað sér raunhæfra möguleika til sjálfsbjargar, svo sem með atvinnu eða annarri framfærslu, og hversu líklegt sé að aðstæður hans breytist á næstunni þannig að hann geti staðið undir eigin framfærslu.
5. **Raunhæfra úrræða:** Hvort sveitarfélag hafi boðið viðkomandi raunhæf úrræði sem ætlað er að leiði til þess að viðkomandi geti framfært sér og fjölskyldu sinni án aðstoðar úr kerfi félagslegrar aðstoðar.

Einstaklingur sem þarfnast tímabundinnar aðstoðar úr kerfi félagslegrar aðstoðar telst ekki sjálfkrafa ósanngjörn byrði.

Við matið skal ávallt gæta meðalhófs og taka tillit til framlags einstaklingsins til samfélagsins í heild og hvort móttaka aðstoðar sé tímabundin.

4. gr.

Bann við sjálfvirku mati.

Mat skal ávallt byggt á einstaklingsbundnum aðstæðum, sbr. 3. gr., og aldrei vera sjálfvirkt.

5. gr.

Tilkynning til Útlendingastofnunar.

Þegar sveitarfélag metur það svo að einstaklingur gæti samkvæmt framangreindum viðmiðum talist ósanngjörn byrði skal sveitarfélag tilkynna Útlendingastofnun og leggja fram allar tiltækar upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir heildstætt mat á aðstæðum einstaklingsins, án þess að það hafi áhrif á greiðslur úr kerfi félagslegrar aðstoðar.

Tilkynning til Útlendingastofnunar skal ekki koma í veg fyrir eða tefja greiðslu þeirrar aðstoðar sem umsækjandi á rétt á samkvæmt lögum.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um hvort einstaklingur teljist ósanngjörn byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar og áhrif þess á dvalarrétt.

6. gr.

Einstaklingar sem ekki teljast ósanngjörn byrði.

Eftirfarandi einstaklingar teljast ekki ósanngjörn byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar í skilningi 3. gr.:

1. Launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar.
2. Einstaklingar sem dvelja hér á landi vegna stöðu sinnar sem launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar halda stöðu sinni sem slíkir við eftirfarandi aðstæður:
 - a. Á meðan einstaklingur er tímabundið óvinnufær vegna veikinda eða slyss.
 - b. Einstaklingurinn staðfestir að hann sé atvinnulaus án eigin atbeina eftir að hafa unnið við launað starf í meira en eitt ár og er jafnframt í virkri atvinnuleit á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar.
 - c. Einstaklingurinn staðfestir að hann sé atvinnulaus án eigin atbeina eftir að lokið er ráðningarsamningi sem er til skemmri tíma en eins árs eða hann hefur án eigin atbeina misst atvinnu á því tímabili og er jafnframt í virkri atvinnuleit á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar; í því tilviki skal hann halda stöðu sinni sem launþegi í a.m.k. sex mánuði,
 - d. Þegar einstaklingur hefur starfsnám. Sé ekki um að ræða atvinnuleysi án eigin atbeina skal hann einungis halda stöðu sinni sem launþegi ef starfsnámið tengist fyrri starfsgrein hans hér á landi.
3. Einstaklingar sem hafa nægilegt fé til framfærslu fyrir sig og aðstandendur sína og eru með fullnægjandi sjúkratryggingu sem ábyrgist alla áhættu meðan dvöl þeirra hér á landi varir.
4. Einstaklingar sem hafa dvalið löglega hér á landi í meira en fimm ár, sbr. 84. og 85. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 og öðlast varanlegan dvalarrétt.
5. Aðstandendur framangreindra einstaklinga sem njóta réttar til dvalar samkvæmt XI. kafla laga um útlendinga, nr. 80/2016.

7. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 2. málsl. 5. mgr. 83. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu xxxxx 2026.

Ragnar Þór Ingólfsson
félags- og húsnæðismálaráðherra.

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: xxxx 2026.

DRÖG